



Viðstaddir

31.08.2022

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Þorvaldur Daníelsson	ÞD	Form Skíðasvæðanna
Ómar Einarsson	ÓE	ÍTR
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kópavogi
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir
Rósa Steingrímsdóttir

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tilfni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur miðvikudaginn 31.08.2022 kl. 10:30.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 10.08.2022 samþykkt.

2 Salerni Suðursvæði

Áætluð verklok eru í nóvember, en þá verður salernið tilbúið til notkunar.

3 Lyftur Bláfjöll*Lyftur. Gosi/Drottning*

Allri steypuvinnu við Gosa er lokið, búið að setja upp mest af vélbúnaði og reisa allt stálvirki, nema botnstöðvarskemmu, búið að splæsa og setja upp lyftuvír o.fl. Næstu vikur unnið að því að loka þaki á toppstöð, reisa stálskemmu yfir botnstöð, ganga frá rafmagni, vélbúnaði, stólageymslu o.fl.

⇒ Áætlað að Gosi verði afhentur fyrir skíðavertíð.

Steypuvinnu mastra í Drottningu er lokið og unnið að undirstöðum í topp og endastöð. Eftir að reisa allt stálvirki, vélbúnað o.þ.h.

Von er á fleiri starfsmönnum Doppelmayr í þessari og næstu viku til vinnu við uppsetningu á vélbúnaði, rafbúnaði og þakvirki toppstöðva.

Doppelmayr vinnur staðfastlega að því að afhenda Drottningu í janúar 2023 í stað október 2023. Doppelmayr hefur óformlega óskað eftir að samningurinn verði gerður upp við afhendingu, og greitt flýtifé/bónus. EKS á von á formlegri tilkynningu með skilgreindum óskum/kröfum.

⇒ PBG upplýsti stjórn SSH um vangaveltur varðandi uppgjör á samningi fyrir en áætlað hefur verið á síðasta fundi SSH og mun ræða mögulegar uppgjörslausnir á næsta fundi SSH.

⇒ EKS mun taka saman minnisblað til kynningar á málinu. ,

EKS hefur svarað kröfum Doppelmayr/ÍAV vegna verðbreytinga og vegna óska Skíðasvæðanna um breytingar á hönnun– sjá síðustu fundargerð. Næstu skref liggja hjá Doppelmayr.

Hliðarverkefni

- Snjógirðingar
Lægsta boð lá rétt undir kostnaðarmati MÁ. Verkið gengur ágætlega og er á áætlun.
- Lýsing
Verkið gengur skv. áætlun.
Í ljós kom að styrkja þurfti raffæðingu nýrrar og endurbættar lýsingar við Gosa. ÍAV var falið að víkka skurð milli toppstöðvar og botnstöðvar og leggja í hann nauðsynlega strengi. Aukakostnaður/viðbótarverk upp á 6 m.kr.
- Landmótun
Verkið að mestu búið. Kostnaður 2-3 m.kr, vel undir áætlun upp á 8 m.kr. Vannýtt heimild kemur þá á móti auknum kostnaði í lýsingu.
Heildaráætlun vegna Snjógirðinga, lýsingar og landmótunar er skv. áætlunum uppá samtals 44.millj.
- Rif lyfta
Rifi Drottningar var frestað fram á næsta ár. Á þessu ári verða aðeins rifin möstur gamla Gosa sem ekki nýtast sem ljósamöstur, auk yfirbyggingar botnstöðvar Gosa o.fl.

4 Gönguskíðasvæði Bláfjöll

Áætlanir um uppbyggingu hafa verið samþykktar í samstarfsnefnd og stjórn SSH. Verkið er komið í gang undir stjórn MÁ. Áætlað er að nýr troðari (52 m.kr) verði afhentur í haust.

5 Skálafell

Haldinn var fundur með EB, MÁ og rekstrarstjóra Skálafells til að fara yfir núverandi stöðu innviða og nauðsynlegar aðgerðir/úrbætur– til bráðabirgða og framtíðar.

Greiningarvinna nær til bílastæða, skíðabrauta, snjógirðinga, lýsingar og allra veitna. Að auki til starfsmannaaðstöðu, salerna, skíðaleigu, miðasölu, mataraðstöðu, veitinga o.fl. sem í framtíðinni verður hýst í nýrri þjónustubyggingu. Gerð verður grein fyrir bráðabirgðalausnum með endurbótum/útvíkkun á núverandi aðstöðu/byggingum, auk þarfagreiningar og kostnaðarmats á þjónustubyggingu til framtíðar.

PBG átti fund með Vegamálastjóra vegna endurbyggingar aðkomuvegar. Endurbætur eru nauðsynlegar áður en þungaflutningar vegna framkvæmda hefjast.

⇒ Senda þarf formlegt erindi til Vegagerðarinnar.

6 Snjóframleiðsla 1 áfangi

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða (RSFS) uppfyllir faglegar og fjárhagslegar kröfur útboðsgagna borunar. RSFS gerði fyrirvara í tilboði um að verkið verði unnið næsta sumar, en ekki í haust. Sá fyrirvari gerir tilboðið ógilt, en þar sem ekki barst annað tilboð er verkkaupa heimilt að leita samninga.

⇒ EKS mun ræða frekar við RSFS og skilgreina nýjar áætlanir og grunn samnings. Í framhaldi gera minnisblað ætlað SSH, þar sem óskað er heimildar til að semja um verkið.

Útboð snjóframleiðslu verður opnað í október. Í því útboði er gert ráð fyrir að verktaki fái borholuna afhenta fullgerða, komi fyrir í henni grunnvatnsdælu og tengi stjórnkerfi snjóframleiðslunnar.

- ⇒ EKS mun senda inn viðauka við útboðsgögn snjóframleiðslunnar þar sem nýjar áætlanir um borun er skýrð.

7 Fjárhagsstaða

PBG fór yfir uppfært yfirlit yfir fjárhagsstöðu verkefnisins. Útkomuspá 2022 gefur til kynna að fjárhagsleg staða verkefnisins í samanburði við fjárhagsáætlun þess muni verða nánast á pari ef borverkefnið hefði farið af stað í haust, en verður um 90 m.kr undir fjárhagsáætlun verðir verkið unnið á árinu 2022.

Ekkert bendir til annars á þessum tímapunkti heldur en verkið í heild sé samkvæmt fjárhags- og tímaáætlunum.

8 Næsti fundur

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn